

Orkuveita Landsveitar  
Bt. Ásgeirs Kristjáns Ólafssonar  
Fellsmúla 2, 851 Hellu

Reykjavík, 26. apríl 2024  
UST202301-279/L.Ó.  
08.30.02

## **Efni: Svar við athugasemdum Orkuveitu Landsveitar vegna heimildar á breytingu á vatnshloti Þjórsár 1 vegna Hvammsvirkjun**

Stjórn Orkuveitu Landsveitar hefur vakið athygli Umhverfisstofnunar með tölvupóstum, dags. 10. og 18. apríl 2024, á að umsögn þeirra hafi ekki verið svarað í greinargerð Umhverfisstofnunar með ákvörðun um heimild til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá samkvæmt 18. gr. I. um stjórn vatnamála nr. 36/2011 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við 95 MW Hvammsvirkjun dags. 10. apríl 2024.

Vegna mistaka láðist að svara umsögninni í framangreindri greinargerð og er beðist velvirðingar á því. Svör Umhverfisstofnunar við þeim ábendingum sem koma fram í umsögninni fara hér á eftir ásamt mati á því hvort mistökin hafi áhrif á framangreinda ákvörðun.

Í umsögn Orkuveitu Landsveitar kemur fram að Orkuveita Landsveitar ehf. rekur hitaveitu í ofanverðri Landsveit. Hitaveitan, þ.e. borholur og dæluhús, er staðsett á svokallaðri Baðsheiði sem er aðeins um 2 km frá hinu fyrirhugaða Hagalóni. Í umsögninni segir: „Hitaveitan er svokölluð lághitaveita sem þýðir að ekki er um brennisteinsríkt háhitavatn að ræða heldur dælum við upp 56°C heitu vatni sem er í raun drykkjarhæft. Þetta er vatn sem er bæði grunnvatn ásamt yfirborðsvatni sem hripar í gegnum gropið og lekt Þjórsáhraunið og hitnar þar af völdum jarðhita og er svo dælt upp í dæluhúsinu og þaðan er hitavatninu dreift í tveim megin lögnum“ Fram kemur að Orkuveita Landsveitar þjónustar fjölmarga aðila og eru miklir hagsmunir í húfi fyrir þá og Orkuveitu Landsveitar að hitastig vatnsins haldist óbreytt.

Orkuveita Landsveitar telur að heimild til að breyta vatnshlotinu Þjórsá 1 fari gegn markmiðum 1. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og vatnaáætlun og er farið fram á að heimildin verði ekki veitt.

### Afstaða Umhverfisstofnunar

Þau áform um ákvörðun sem óskað var eftir athugasemdum um varðar heimild til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna Hvammsvirkjunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en ekki vatnshlotið Tungnárhraun (nr. 103-308-G).

Vatnshlot hafa lögbundin umhverfismarkmið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36L/2011. Samkvæmt 18. gr. laganna er hægt að veita heimild til að breyta vatnshlotinu vegna ákveðinna framkvæmda sem leiða til þess að umhverfismarkmiðin náist ekki, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Til að meta hvort hægt sé að veita slíka heimild þarf að liggja fyrir mat á áhrif framkvæmdarinnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins þar sem áhrifanna gætir.

Hitaveita Orkuveitu Landsveitar er staðsett í grunnvatnshlotinu Tungnárhraun (nr. 103-308-G). Umhverfismarkmið grunnvatnshlota eru metin út frá magnstöðu þeirra og efnafræðilegum þáttum sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Samkvæmt 12. gr. sömu laga ber að vernda og tryggja að ástand þeirra versni ekki og tryggja skal að efnafræðilegt ástand vatnshlotsins sé að lágmarki gott. Þá skal einnig tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé á milli vatnstöku og endurnýjunar.

Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er samkvæmt lögum um stjórn vatnamála að vera með *góða* magnstöðu og *gott* efnafræðilegt ástand. Nánar er fjallað um flokkun og mat magnstöðu og efnafræðilegs ástands grunnvatnshlota í reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreining og vöktun. Hitastig vatns er ekki einn af þeim gæðapáttum sem notaðir eru sem viðmið við skilgreiningu á umhverfismarkmiðum grunnvatnshlotsins.

Umhverfisstofnun bendir á að heimild Umhverfisstofnunar varðandi umhverfismarkmið vatnshlotsins Þjórsá 1 felur ekki í sér virkjunarleyfi. Það er leyfisveitenda, þ.e. Orkustofnunar, að meta hvort fullnægjandi gögn liggja fyrir til að unnt sé að gefa út það leyfi og eftir atvikum hvaða skilyrði og kröfur þurfi að setja í leyfið. Verkefni Umhverfisstofnunar er leiðbeinandi um það hvernig áhrifamat framkvæmdarinnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins er gert og ef að niðurstaða þess áhrifamats er þess eðlis að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki þá þarf að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar á grundvelli 18. gr. laga um stjórn vatnamála fyrir það vatnshlot.

Hvað varðar umfjöllun í athugasemdunum um manngerð og mikið breytt vatnshlot bendir Umhverfisstofnun á, eins og fram kemur í svörum við umsögn Landverndar, að heimild samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er ekki ákvörðun um það hvort vatnshlot er flokkað sem mikið breytt og manngert vatnshlot skv. 13. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Vatnshlot þar sem veitt hefur verið heimild samkvæmt 18. gr. og sem nær ekki góðu vistfræðilegu ástandi vegna nýrrar framkvæmdar getur hins vegar uppfyllt kröfur um að vera skilgreint sem mikið og manngert vatnshlot samkvæmt 13. gr. Breyting á gerð vatnshlotsins í vatnaáætlun verður ekki gerð fyrr en að áhrif framkvæmdarinnar hafa komið fram.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Umhverfisstofnunar eftir skoðun á ábendingum í umsögn Orkuveitu Landsveitar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið

Tungnárhraun að þær séu ekki til þess fallnar að hafa áhrifa á niðurstöðu stofnunarinnar um heimild samkvæmt 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshlotinu Þjórsá 1 vegna framkvæmdar við Hvammsvirkjun.

Að því er varðar kröfu Orkuveitu Landsveitar um að heimild skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála verði þegar í stað felld úr gildi leiðir af framangreindu svari Umhverfisstofnunar við ábendingu Orkuveitu Landsveitar að hún getur ekki hagggað gildi ákvörðunarinnar. Þá er rétt að benda á að umsögn Orkuveitu Landsveitar er liður í því að gefa almenningi færi á að koma að athugasemdum en ekki á grundvelli andmælareglu 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Það er Landsvirkjun, sem óskaði eftir heimildinni, sem er aðili málsins.

Virðingarfyllt,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

**Sviðsstjóri**

Lilja Ólafsdóttir

**lögfræðingur**

Afrit: Landsvirkjun